

þess að gjalda stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 5.100.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Kristjánsson, Sophus V. K. Jóhannsson og protabú Vátryggingafélagsins h/f, greiði stefnanda Jóni Hauki Hermannssyni, kr. 17.896.00 með 8% ársvöxtum frá 9. desember 1969 til greiðsludags og kr. 5.100.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1972:

Nr. 153/1972: Guðni Ágústsson

gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum
f. h. Vatnsveitu Vestmanneyja.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Hauksson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 9. nóvember 1972, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl. j., laga nr. 57/1962 skotið hinum kærða frestsúrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að synjað verði um frest þann, sem krafizt var. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Í hinum kærða úrskurði greinir ekki aðilja máls, og málsatvikum og málsástæðum er ekki lýst. Hefur héraðsdómari því ekki gætt ákvæða 2. mgr. 190. gr. og 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara galla á úrskurðinum verður ekki hjá því komizt, eins og hér stendur á, að ómerkja hann og vísa málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Vestmannaeyja 9. nóvember 1972.

Fram hefur komið í máli þessu, að ágreiningur er um fasteignamat eignarinnar Suðurvegur 13 hér í bæ. Fyrir liggur, að mat millimatsins í Vestmannaeyjum hefur verið kært til yfirfasteignamatsnefndar, og er eigi útilokað, að úrskurður hennar geti haft áhrif á úrslit þessa máls. Þykir því rétt að fresta máli þessu, til þess að dómurinn fái að kynna sér niðurstöðu nefndarinnar. Málinu er því frestað um sinn til 7. desember n.k.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er frestað til fimmtudagsins 7. desember n.k.
